



UMSÖGN

Viðtakandi: Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Sendandi: Aðgengis- og samráðsnefnd

Umsögn aðgengis- og samráðsnefndar um stafræna stefnu Reykjavíkurborgar

Aðgengis- og samráðsnefnd fagnar að í stafrænni stefnu sé áhersla á jafnt aðgengi fyrir öll og jöfn réttindi gagnvart stafrænu umhverfi. Nefndin veltir upp hvort ástæða sé til að hafa sérkafla í stefnunni um aðgengismál. Nefndin hefur þó athugasemd við að stefnan hafi ekki verið sett fram á auðlesnu máli. Í Reykjavíkurborg er í gildi aðgengisstefna sem gott hefði verið að hafa til hliðsjónar við vinnu stafrænu stefnunnar, líkt og mannréttindastefnu og lýðræðisstefnu.